

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti ásamt síðari breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32/1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála ásamt síðari breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að taka gildi 15. september 1995.

*Samgönguráðuneytið, 12. september 1995.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 531

21. september 1995

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 676/1994, um gjald af  
nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds.**

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sýslumenn lögsagnarumdæmis sem húseign er í, annast innheimtu skipulagsgjalds, en í Reykjavík tollstjóri. Gjaldið fellur í gjalddaga á virðingardegi og í eindaga mánuði síðar. Gera má lögtak fyrir skipulagsgjaldi, sbr. lög nr. 90/1989.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkissjóðstekjum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 35. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytið, 21. september 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 532

29. september 1995

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja  
sem flytja tiltekinn hættulegan farm, nr. 139 3. mars 1995.**

1. gr.

Í stað „innan 6 mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: eigi síðar en 31. desember 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. september 1995.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**